

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1974

Nr. 80.

138

9. maí 1974.

AUGLÝSING

um framlagningu kjörskráa við alþingiskosningar 30. júní 1974.

Samkvæmt heimild í 2. málsg. 19. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis er hér með ákveðið, að niður skuli falla frestur sá, sem þar er settur, til að auglýsa, hvar kjörskrár við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 30. júní 1974, verði lagðar fram.

Samkvæmt heimild í 1. málsg. 23. gr. laganna er ákveðið, að frestur sá, sem getur í 1. málsg. 19. gr., styttist þannig að kjörskrár skulu lagðar fram 16. maí 1974. Jafnframt er ákveðið, að tími sá, sem kjörskrár skulu liggja frammi, sbr. 3. málsg. 19. gr., styttist þannig, að hann verði 3 vikur og 3 dagar.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. maí 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.